

Svar

fjármálaráðherra við fyrirspurn Sigmundar Ernís Rúnarssonar um opinber störf á vegum ríkisins.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. Hvar hefur opinberum störfum á vegum ríkisins, þar með talið hjá opinberum hlutafélögum, fjölgað mest á síðustu 10 árum, flokkað eftir kjördæmum?
2. Hvar hefur opinberum störfum á vegum ríkisins, þar með talið hjá opinberum hlutafélögum, fækkað mest á síðustu 10 árum, flokkað eftir kjördæmum?

Störfum á vegum ríkisins, þ.m.t. hjá opinberum hlutafélögum, hefur hlutfallslega fjölgað mest í Norðvesturkjördæmi síðustu 10 árin, en raunfjölgun stöðugilda er mest í Reykjavíkurkjördæmunum síðustu 10 árin.

Störfum á vegum ríkisins, þ.m.t. hjá opinberum hlutafélögum, hefur ekki fækkað í neinu kjördæmi landsins síðustu 10 árin.

Hafa verður í huga að fram til ársins 2006 var hluti heilbrigðisstofnana ríkisins með sjálfstæða launaafgreiðslu. Á árinu 2006 færa þessar heilbrigðisstofnanir launaafgreiðslu sína yfir til Fjársýslu ríkisins og hefur það í för með sér fjölgun stöðugilda í þeim gögnum sem fjármálaráðuneytið hefur aðgang að þó svo að ekki sé um fjölgun að ræða hjá ríkinu.

Í svarinu er tekið mið af fjölda stöðugilda hjá ríkinu í október ár hvert og kjördæmaskipan eins og hún er samkvæmt lögum nr. 24/2000 að því frátöldu að litið er á Reykjavík sem eitt kjördæmi. Þar sem þónokkrar ríkisstofnanir og opinber hlutafélög hafa starfsstöðvar í fleiri en einu kjördæmi tekur svarið mið af fjölda stöðugilda í því kjördæmi sem ríkisstofnun eða opinbert hlutafélag hefur aðalstarfsstöð sína.

Fjöldi stöðugilda hjá ríkinu árin 1999–2009, þ.m.t. hjá opinberum hlutafélögum.

Kjördæmi	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	Fjölgun stöðugilda
Norðaustur	709	700	737	769	795	838	870	1.271	1.801	1.858	1.777	1.068 151%
Norðvestur	454	463	468	482	479	506	592	1.030	1.155	1.189	1.182	728 160%
Reykjavík	11.237	11.310	12.332	12.432	12.910	12.808	12.830	13.265	14.002	13.905	13.376	2.139 52%
Suður	415	395	413	417	417	443	460	877	920	999	975	560 135%
Suðvestur	1.125	1.164	1.264	1.297	1.313	1.358	1.315	1.499	1.480	1.266	1.510	384 34%
Samtals	13.940	14.032	15.216	15.397	15.914	15.953	16.067	17.942	19.359	19.216	18.819	